

# Alþýðufylkingin er eini valkosturinn til vinstri

## Félagsvæðing

Segja má að stefna Alþýðufylkingarinnar hverfist um eitt orð: Félagsvæðing. Með því er átt við að innviðir samfélagsins skuli reknir af samfélaginu fyrir samfélagið með ódýra og góða þjónustu fyrir almenning að markmiði en ekki gróðasjónarmið markaðsvæðingarinnar. Við lítum því ekki svo á að aukinn hagvöxtur skili almenningi bættum kjörum, þvert á móti fylgir honum jafnan aukinn ójöfnuður og skuldsetning, enda taka auðmenn sér ríflegan hagnað út úr aukinni veltu. Aukning skatttekna dugur skammt til að vege upp aukinn ójöfnuð og loks falla skuldarnar á samfélagið þegar tjaldið fellur. Þess vegna þarf að fara eðlisólíka leið til að breyta samfélaginu. Þar verður aukið vægi hins félagslega á kostnað markaðslauna að vera í forgrunni. Lykilatriði er félagsvæðing innviða samfélagsins, þar sem fjármálakerfið og nauðsynleg samfélagsþjónusta við alla er í fyrirrúmi.

## Innviðir samfélagsins verði félagslega reknir í þágu allra án gróðasöfnunar.

Hverjir eru innviðir samfélagsins? Það eru þeir þættir samfélagsins sem tilheyra öllum eða þjónusta sem allir hafa þörf fyrir.

Fjármálakerfið  
Heilbrigðiskerfið  
Menntakerfið  
Félagsleg þjónusta  
Húsnæðismál  
Orkuöflun  
Samgöngukerfið  
Fjarskipti  
Vatnsveitur og fráveitur  
Auðlindir þjóðarinnar

Félagsvæðing innviða samfélagsins er nauðsynleg en gerist þó ekki í einu vetfangi. Taka þarf markviss skref í þá átt, án þess að þau séu tekin til baka með hinni höndinni jafnharðan. Alþýðan þarf að beita samtakamætti sínum til að knýja fram kerfisbreytingar sem skerða foréttindi auðstéttarinnar.

## Félagsvæðing fjármálakerfisins getur sparað samfélaginu hundruð milljarða á ári.

Best væri að bankar og önnur fjármálafyrirtæki fengju skamman frest til að afhenda starfsemi sína ríkinu, sem svo gæti hafist handa um að laga hana að þörfum samfélagsins. Eftir því hve andstaða fjármálaauðvaldsins verður hörð gegn félagsvæðingu, verður að fylgja henni eftir með harðari aðgerðum. Einn möguleiki er að ýta þeim út af markaðnum með félagslegum ríkisbanka sem þeir geta ekki keppt við. Þá getur ríkið bannað arðgreiðslur út úr bönkum, annað hvort með lögum eða með því að eiga meirihluta í þeim og nota eigandavald til þess að lækka í staðinn vexti af skuldum heimila og fyrirtækja í verðmætaskapandi starfsemi. Líklegt er þó að beita þurfi lagasetningum til að banna eða hindra rekstur fjármálastofnana í hagnaðarskyni. Slík lög gætu m.a. bannað að ríkið tryggi innistæður hagnaðardrifinna banka og sett aftur á okurmark: efri mörk leyfilegra vaxta umfram verðbólgu.

Þau vandamál sem hafa lengi verið kennd við ranglátt kerfi verðtryggingar munu hverfa þegar vextir hverfa úr jöfnunni. (Það mun ekki gerast öfugt.) Þegar okurvextir eru afnumdir verður

verðtryggingin með öðrum orðum ekki vandamál. Afnáam hennar sem slíkrar er því ekki forgangsmál Alþýðufylkingarinnar.

Brýnast er að létta vaxtaklyfjunum af húsnæðislánum almennings. Síðan er hægt að gera tilraunir með að lækka vexti af lánum til verðmætaskapandi fyrirtækja með skilyrði um gegnsæja verðmyndun og að sýnt sé að lækkaðir vextir skili sér til neytenda í lækkuðu vöruverði. Þannig er hægt að bæta lífskjör fólksins í landinu.

## **Þegar félagsvæðing fjármálakerfisins er hafin má byrja á öðrum innviðum samfélagsins**

Hér verða eingöngu talin upp nokkur atriði úr stefnuskrá Alþýðufylkingarinnar:

Ríkið leysi til sín öll tryggingafélög og hefjist handa að samræma tryggingastarfsemi og laga hana á nokkrum árum að þörf landsmanna fyrir tryggingavernd sem greiða mætti að verulegu leyti gegnum skattkerfið. Taka mætti til greina bótakröfur til svokallaðra eigenda sem byggðust á því að þeir hafi sannanlega lagt meira inn í félagið en þeir hafa tekið út.

Alþýðufylkingin stefnir að því að samræma lífeyristryggingu þeirra sem ekki geta unnið fyrir sér hvort sem ástæðan er örorka, elli, atvinnuleysi, veikindi eða annað. Greiðsluskylda í lífeyrissjóði verður afnumin. Séreignarsjóðir verða endurgreiddir en sameignarsjóðir verða yfirteknir af ríkinu sem notar þá til að bæta stöðu þjóðarbúsins og til uppbyggingar innviða samfélagsins. Á móti verður öllum tryggður mannsæmandi lífeyrir þar sem jafnt gengur yfir alla. Þetta mun þýða verulega bætt kjör fyrir langflesta. Líttill minnihluti mun þó lækka í kjörum. Mögulegt er að gera þessa breytingu í áföngum á nokkrum árum. Til lengdar munu sömu lífeyrisgreiðslur til allra stuðla að samstöðu um mannsæmandi lífeyri.

Húsnæðisþörfin er grunnþörf og á ekki að vera ofurseld gróðafíkn auðstéttarinnar. Með félagsvæðingu fjármálakerfisins opnast tækifæri til að auka hlut félagslegs fjármagns sem nota má til að lána til húsnæðiskaupa og byggja félagslegt leiguhúsnæði. Alþýðufylkingin mun beita sér fyrir því að fyrir árið 2020 eigi allir kost á vaxtalausum láni til hóflegra íbúðarkaupa eða félagslegu leiguhúsnæði þar sem leigan þarf ekki að standa undir vaxtaokri.

Markmið okkar í heilbrigðismálum er að allir geti fengið þá heilbrigðisþjónustu sem þeir þurfa eftir því sem tækni og þekking leyfir, án tafa og án endurgjalds og að sem mestu leyti í sínu heimahéraði. Þetta eru mannréttindi, og heilbrigðiskerfi sem nær ekki þessu máli er ekki fyrsta flokks.

Auk ríkis og sveitarfélaga sjáum við fyrir okkur að félög og sjálfseignarstofnanir sem reka sjúkrastofnanir ekki í gróðaskyni geti gert það áfram. Hins vegar geta heilbrigðisfyrirtæki, sem eru rekin í gróðaskyni og borga út arð til eigenda sinna ekki vænst meðlags frá samfélaginu.

Alþýðufylkingin ætlar að snúa af þeirri braut markaðsvæðingar sem íslenska heilbrigðiskerfið hefur verið á, og sem stofnun Sjúkratrygginga Íslands er m.a. hluti af skv. tilskipun ESB um samkeppni í heilbrigðismálum. Einkareknar læknastofur hafa þannig verið í samkeppni við einkum Landspítalann um takmarkað fé úr sjóðum SÍ, og þannig hefur samkeppnin dregið úr getu spítalans. Við sjáum ekki hvers vegna einkareknar stofur ættu að vera reknar fyrir, eða niðurgreiddar af skattfé. Við munum því láta Landspítalann fá þá peninga beint, sem hann þarf til að þjóna hlutverki sínu vel. Sjúkratryggingar Íslands verða svo lagðar niður, finni þær sér ekki annað hlutverk heldur en að sprauta gróða í einkarekin heilbrigðisfyrirtæki.

Alþýðufylkingin vill setja lög sem banna arðgreiðslur út úr heilbrigðisstofnunum sem þiggja fé frá ríkinu.

Menntun er hluti af lífsgæðum sem allir eiga rétt á og samfélagsleg verðmæti fremur en markaðsvara.

Sú mikla endurreisn sem bíður menntakerfisins mun til langs tíma borga sig ríkulega, en til skamms tíma mun hún óhjákvæmilega kosta sitt, eins og gildir um fleiri innviðu samfélagsins. Peningarnir til að standa undir því eiga að koma út úr félagsvæðingu fjármálakerfisins, eða réttara sagt: við eigum að hætta að sóa þeim í ofsagróða fyrir auðvaldið, og fara í staðinn að verja þeim í uppbyggilega hluti eins og menntun.

Við viljum að ríkið reki það sem ríkið borgar. Á því verða þó að vera undantekningar. Við viljum t.d. ekki banna einkarekna skóla, en ef þeir vilja fá peninga frá ríkinu mega þeir ekki vera reknir í gróðaskyni.

Alþýðufylkingin beitir sér fyrir jöfnum aðgangi allra að skólakerfinu. Brottfall nemenda af erlendum uppruna úr framhaldsskólum er ískyggilega mikið. Til að stemma stigu við því er nauðsynlegt að börn innflytjenda fái sérstakan stuðning í skólakerfinu og nám í móðurmálinu sem dugar þeim til að halda því við svo að það verði þeim og samfélaginu styrkur en ekki veikleiki.

Enn fremur þarf að afnema lokun opinberra framhaldsskóla fyrir 25 ára og eldri.

Háskóli Íslands á að slíta fjárhagsleg tengsl við fyrirtæki sem rekin eru í gróðaskyni og vera þess í stað alfarið kostaður af ríkinu, þannig að hagsmunaárekstrar valdi síður skekkju í útgefnum rannsóknarskýrslum.

Háskóli Íslands á að vera háskóli allra landsmanna og aðgangur að honum á að vera opin allum sem standast almenn inntökuskilyrði. Þar má aldrei leggja á skólagjöld og Lánasjóður íslenskra námsmanna þarf að veita fólki námslán þótt það sé fullorðið. Þá er algjör nauðsyn að slíta öll tengsl Lánasjóðsins við bankakerfið: þegar fólk fær námslán á það einfaldlega að fá lánið hjá Lánasjóðnum og aldrei að koma nálægt banka. Námslán eiga að taka mið af grunnframfærslu. Við viljum taka upp blandað kerfi námsstyrkja, frammistöðutengdrar lánaniðurfellingar og að á meðan fólk vinnur á Íslandi eftir nám, séu námslán fryst í tíu ár en felld niður að þeim tíma liðnum.

Alþýðufylkingin mun beita sér fyrir því að fjármagn til náms í list- og verkgreinum verði stóraukið, en það er grundvallarforsenda þess að þessu námi verði gert jafn hátt undir höfði og hefðbundnu bóknámi.

Alþýðufylkingin vill að auðlindir lands og sjávar verði raunveruleg sameign þjóðarinnar, óframseljanlegar og að arðurinn skili sér til þjóðarinnar í bættum lífskjörum. Alþýðufylkingin berst gegn því að náttúru landsins, landgæðum og umhverfi sé spillt til hagnaðar fyrir einstaka auðmenn. Hófleg nýting og langtímaþarfir þjóðarinnar eiga að vera að leiðarljósi.

Til að stemma stigu við aðsteðjandi umhverfisvanda er nauðsynlegt að losa samfélagið undan oki hins gróðadrifna fjármálakerfis. Þegar fjármálakerfið verður rekið á félagslegum grunni án þess að soga til sín öll verðmæti úr hagkerfinu verður svigrúm til að auka fjölbreytni í atvinnu og verðmætasköpun, sem þá þarf ekki að standa undir himinháum fjármagnskostnaði. Þannig minnkar þörfin fyrir orkufreka flutninga með vörur heimshorna á milli.

Framleiðsla miðast meira við þarfir fólksins en ekki þarfir auðmagnsins fyrir sífellt auknar fjárfestingar til að ávaxta aukinn gróða.

Þetta er lykillinn að því að vinda ofan af umhverfisógninni og koma á sjálfbæru samfélagi sem ekki gengur á rétt komandi kynslóða með græðgi fámennrar auðstéttar. Vaxandi hreyfing í samfélaginu tekur umhverfismálin alvarlega og vinnur ötult starf til lausnar á þeim. Til að auka árangur þess og til að bjarga jörðinni út úr vítahring mengunar og sóunar auðstéttarinnar er mikilvægt að skilningur vaxi innan umhverfishreyfingarinnar á því að kapítalisminn verður aldrei grænn.

Jarðvegsvistkerfi Íslands er auðlind og eign þjóðarinnar. Eðlilegt er að landbúnaður sé stundaður á Íslandi til að nýta þau verðmæti sem í jarðvegsauðlindinni felast í þágu þjóðarinnar og þeirra sem að landbúnaði starfa.

Tryggja þarf landbúnaðinum aðgang umfram aðra landnotkun að besta landbúnaðarlandinu og stuðla að því að það sé í hverju tilviki nýtt til þeirrar tegundar búrekstrar sem best hæfir. Því viljum við gera rammaáætlun um samþættaða vernd og nýtingu lands til ræktunar, úthagabeitar og annarra nota. Í þeirri áætlun skal stefnt að skógrækt eða endurheimt votlendis á landi sem hefur verið rutt

eða ræst fram án þess að það sé nýtt sem tún eða akrar. Með því að fylla upp í óþarfa framræsluskurði vonumst við til að minnka magn gróðurhúsalofttegunda sem frá landinu stafar, og um leið endurskapa vistkerfi fugla o.fl. dýra.

Eðlilegt er að landbúnaðurinn sé varinn fyrir samkeppni við framleiðslu sem byggir á ósjálfbærum framleiðsluháttum, illri meðferð bífénaðar eða notkun láglaunavinnuafis. Opinber stuðningur við landbúnað á fela í sér eflingu jarðvegsauðlindarinnar og uppbyggingu í sjálfbærum landbúnaði til framtíðar.

Við viljum gefa landbúnaðinum sérkjör á raforku: selja bændum rafmagn á kostnaðarverði. Við viljum að gróðurhúsabændum verði gefið heitt affallsvatn þar sem því verður við komið. Setja þarf af stað átak til að þróa og innleiða umhverfisvæna orkugjafa fyrir landbúnaðarvélur.

Veigamesti opinberi stuðningurinn við landbúnaðinn er þó að koma félagsvæddu fjármálakerfi á laggirnar, og losa bændastéttina, eins og aðrar stéttir, undan áhyggju- og skuldaklafa vegna fjármagnskostnaðar.

Stefna Alþýðufylkingarinnar í sjávarútvegs málum byggist á umhverfisvernd, sjálfbærni, jöfnuði, réttlæti og stöðugleika sjávarútvegsbyggðanna.

Íslenska kvótakerfið dugur vel til að stjórna stofnstærðum og verjast hruni fiskistofna en öðru máli gegnir um úthlutun aflaheimilda. Það er einfaldlega siðlaust að útgerðir „eigi“ óveiddan afla og að hann geti gengið kaupum og sölum milli útgerðarmanna, svo ekki sé talað um útleigu á óveiddum afla.

Þróa verður leiðir til að vinda ofan af eignfærslu kvótans og tryggja að afraksturinn af auðlindinni skili sér til þjóðarinnar. Innkalla þarf allar fiskveiðiheimildir og úthluta verulegum hluta þeirra til byggðarlaga sem byggja tilvist sína á sjávarútvegi og geta tekið við aflanum til vinnslu. Full greiðsla skal koma í ríkissjóð fyrir veiddan fisk enda er auðlindin sameign þjóðarinnar.

Óheimilt verði að braska með veiðiheimildir og skal ónýttum veiðiheimildum skilað til endurúthlutunar eftir forgangsröðun sem tekur tillit til samfélagslegra þátta. Ef útgerðarmenn kveinka sér undan minnkandi gróða í eigin vasa og reyna að hindra breytingar, verður ríkið að vera tilbúið að leysa þá undan okinu og yfirtaka stærstu útgerðarfélögin.

Við viljum gefa handfæraveiðar frjálsar og stuðla að auknu vægi umhverfisvænna veiðarfæra. Við viljum efla vísindin í sjávarútveginum og m.a. auka rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á hafsbotninn. Þá þarf að gera átak í þróun og innleiðingu umhverfisvænna orkugjafa fyrir fiskiskipafлотann.

## **Alþýðufylkingin.is**

Hér að ofan hafa verið talin upp nokkur atriði úr stefnuskrá Alþýðufylkingarinnar en þau eru miklu fleiri og taka til allra þátta þjóðlífsins. Við viljum t.d. ekki að lagður verði rafmagnssæstrengur til Skotlands og erum fortakslaust á móti inngöngu í hið heimsvaldasinnaða ESB og veru okkar í árársbandalaginu NATO. Aftur á móti viljum við að Ísland taki upp samstarf við hið félagslega rekna ALBA í Suður-Ameríku og að Ísland verði griðastaður fyrir uppljóstrara, trúvillinga og hinsegin fólk svo nokkur dæmi séu nefnd. Þá viljum við flýta rafvæðingu samgangna eins og kostur er og koma í veg fyrir félagsleg undirboð af hvaða tagi sem er.

Í stuttri blaðagrein er ekki pláss til að telja allt, sem viðkemur félagsvæðingunni og áhrifum hennar á þjóðfélagið. Alla stefnuskrána má finna á [alpydufylkingin.is](http://alpydufylkingin.is) (með íslenskum stöfum) og hvet ég þig, lesandi góður, eindregið til að kynna þér hana nánar. Félagsvæðing er eina leiðin til að vinda ofan af markaðsvæðingu samfélagsins okkar.

Að lokum vil ég þó benda á að stefnuskrá Alþýðufylkingarinnar er ekki listi af innantómum loforðum um það, sem VIÐ ætlum að gera fyrir YKKUR. Kjarabæturnar verða ekki dregnar upp úr kjörkössunum á kjördag frekar en fyrri daginn. Ef alþýðan vill hjálpa okkur að vinda ofan af markaðsvæðingunni verður hún að berjast með okkur svo árangur náist. Alþýðan hefur aldrei fengið neitt á silfurfati frá auðstéttinni og svo mun heldur ekki verða nú. Við erum okkar eigin gæfu smiðir.

Björgvin R. Leifsson skipar 2. sætið á R-lista Alþýðufylkingarinnar í Norðausturkjördæmi

x - R



Fyrst birt sem grein í Skarpi 27.10.16